

SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2012



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Eignarhlutir í félögum	7
Úthlutanir úr sjóðum	10
Samstæðuársreikningur 2012	
- Skýrsla stjórnar	14
- Áritun óháðs endurskoðanda	15
- Rekstrarreikningur	16
- Efnahagsreikningur	17
- Sjóðstreymi	18
- Skýringar	19



ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Eins og kunnugt er hefur á síðustu misserum myndast mikið ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á markaði fjárfestingarkosta á Íslandi. Bent hefur verið á að mjög takmarkað framboð fjárfestingarvalkosta geti orðið að efnahagslegu vandamáli ef fram fer sem horfir. Við núverandi aðstæður er KEA því ekki eitt um að eiga erfitt með að finna áhugaverða fjárfestingarvalkosti og ná viðunandi raunávöxtun á laust fé. Allir fjárfestar á innlendum markaði búa við þetta ástand, en ýmis teikn eru uppi um að framangreint misvægi á framboði og eftirspurn sé farið að hækka verð fjárfestingarvalkosta verulega umfram raunverulega verðmætaaukningu. Verðkennitölur fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll eru í mörgum tilvikum orðnar þær sömu og fyrir efnahagshrunið 2008 og þær hafa smitast yfir á aðra óskráða fjárfestingarvalkosti. Fjármagnshöftin hafa hér mikil áhrif því þau loka krónur af í hagkerfinu og of mikið magn króna er orðið efnahagslegt vandamál sem taka þarf á sem fyrst. Viðleitni Seðlabanka til að minnka þrýsting á krónuna leiðir af sér enn frekari þröskuld fyrir marga innlenda fjárfesta því með henni eru í raun búnar til tvenns lags krónur. Svokölluð fjárfestingarleið Seðlabanka hleypir inn krónum í hagkerfið sem hægt er að kaupa fyrir gjaldeyri á 25-30% lægra verði en almennt býðst. KEA hefur keppt við aðila um fjárfestingar sem hafa eignast krónur með þessum hætti og þurft að lúta í lægra haldi. Þó viðleitni Seðlabankans með þessu fyrirkomulagi sé skiljanleg skekkir þetta fyrirkomulag samkeppnisstöðu milli fjárfesta sem bjóða í verkefni og þetta er líklegt til að þrýsta verði eigna enn frekar upp. Vert er fyrir félagsmenn að meta hvort þetta geti talist kjöraðstæður fyrir stórar ákvarðanir um langtímafjárfestingar sem KEA stefnir á að taka.

Stundum verður vart nokkurs misskilnings um stefnu og áherslur KEA og viðhorf félagsins til fjárfestinga. Sumir virðast halda að stefna KEA sé áhættufælin og vilji til fjárfestinga sé ekki fyrir hendi. Slíkar ályktanir er vart hægt að draga ef fjárfestingastefna félagsins er lesin, en hún er birt á heimasíðu félagsins. Sú stefna sem hefur verið í gildi - meira og minna óbreytt frá efnahagshruninu 2008 - felur í sér að eignum félagsins verði að mestu beint í 1-3 fjárfestingar til lengri tíma litið. Það þýðir að takist að framfylgja þessari stefnu hefur KEA líklega aldrei í sögu sinni búið við jafn mikla áhættu í sínum rekstri og haft starfsemi reista á jafn fáum stöðum. Á síðustu öld, þegar KEA var í víðtækum rekstri, var um töluverða áhættudreifingu að ræða enda spannaði starfsemi KEA flest svið íslensks atvinnulífs á þeim tíma. Því fer fjarri að gildandi stefna sé áhættufælin heldur þvert á móti er hún í öllu samhengi KEA mjög áhættusækin, þ.e.a.s. KEA myndi búa við áhættu af jafnvel einni atvinnugrein gangi stefnan eftir. Skiljanlegt væri ef stefnan þætti of áhættusækin heldur en hitt. Það skiptir miklu þegar slíkar stórar ákvarðanir eru teknar að gerð sé krafa um vandvirkni og ekki flanað að neinu, sérstaklega þegar fjárfestingaumhverfið er mikilli óvissu háð líkt og verið hefur í aðdraganda og eftirmála efnahagshrunsins hér á landi.

Á síðasta ári var gerð víðtæk skoðanakönnun meðal félagsmanna KEA en hún var unnin sem lokaverkefni við Háskólann á Akureyri. Þar var m.a. verið að kanna notkun KEA kortsins sem og að kanna viðhorf til ímyndar og stefnu KEA. Hvað varðar spurningu um stefnu félagsins kom fram að langflestir félagsmenn vilja sjá félagið vinna í þá átt sem gildandi fjárfestingarstefna gerir ráð fyrir, þ.e.a.s. að félagið leggi áherslur á fjárfestingu í svokallaðri kjarnastarfsemi sem nái sem mestum snertifleti við félagsmenn; um 90% félagsmanna sem tóku afstöðu voru jákvæðir gagnvart gildandi stefnu félagsins en 10% neikvæðir. Með orðinu kjarnastarfsemi er átt við rekstur eða fyrirtæki í meirihlutaeigu KEA sem yrði innan samstæðu í uppgjörum þess. Hvað varðar viðhorf félagsmanna almennt til félagsins staðfestist sem komið hafði fram í fyrri könnunum að mikil jákvæðni ríkir í garð félagsins eða hjá um 96% svarenda. Aðeins 4% þeirra voru neikvæðir í garð félagsins. Þetta verður að teljast ákaflega jákvæð niðurstaða fyrir félagið og mun vart hægt að ná betri niðurstöðu að

sögn þeirra sem til þekkja á þessu sviði. Einnig var spurt um viðhorf félagsmanna til styrkveitinga félagsins og ráðstöfunar þeirra. Flestir félagsmenn vilja ráðstöfun styrkja til íþróttar- og æskulýðsmála eða 35% og 20% til góðgerðarmála hvers konar. Þetta viðhorf er í góðu samræmi við þær áherslur sem ráðið hafa ráðstöfun styrkja KEA til ýmissa verkefna hin síðari ár. Að síðustu er vert að geta þess að könnunin sýndi að um 83% félagsmanna nota KEA kortið einu sinni eða oftár í viku og um 98% félagsmanna hafa aðgang að KEA kortinu. Um 93% félagsmanna eru ánægðir með almenn afsláttarkjör KEA kortsins sem og sértíðboð sem kortið veitir með reglubundnum hætti. Ljóst er að KEA kortið er öflugt og áhrifaríkt kort sem hefur víðtæka notkun og færir félagsmönnum mikla kjarabót, en í skýrslu síðasta árs var fjallað stuttlega um KEA kortið og áhrif þess á félagsmenn. Í einfaldleika kortsins felst einmitt styrkur þess en einn af göllum þessa fyrirkomulags er hins vegar sá að ekki er hægt að mæla afkomuna af kortinu með sama hætti og önnur afkoma félagsins er mæld. Það eru tvær meginástæður fyrir því að fyrirkomulag KEA kortsins er með þeim hætti að afsláttirnir koma ekki fram í rekstrarreikningi félagsins. Annars vegar er það kostnaður, en það kallar á mikið kerfislegt utanumhald að bóka afsláttina sem tekjur hjá KEA og síðan endurráðstafa þeim eftir tilteknu fyrirkomulagi. Bæði yrði að smíða um það sérstakt upplýsingatæknikerfi sem og að viðhalda því. Í slíku fyrirkomulagi felst mikill kostnaður sem gengi mjög á ábata félagsmanna með núverandi fyrirkomulagi. Hins vegar eru það skattalegar ástæður, þ.e.a.s. staðgreiðsluafslættir eru ekki skattskyldir en ef KEA sjálft tæki þessa afslætti til sín og endurúthlutaði þeim, t.d. í formi arðgreiðslna, væri komin tvöföld skattlagning á staðgreiðsluafsláttinn, annars vegar tekjuskattur hjá KEA og hins vegar arðstekjur hjá félagsmönnum. Núverandi fyrirkomulag er því augljóslega í þágu félagsmanna en það breytir því ekki að ótækt er að horfa ekki til afsláttar sem KEA kortið veitir þegar heildarárangur í starfi félagsins er metinn. KEA styðst við spurningakannanir til að meta umsvif KEA kortsins og afsætti sem félagsmenn njóta. Sú aðferð veitir upplýsingar um umsvifin með ásættanlegri nákvæmni. Fyrrgreind könnun leiddi í ljós að staðgreiðsluafslættir sem félagsmenn KEA njóta eru ekki undir 350 milljónum króna á hverju ári. Þarna liggja því gríðarlegir fjármunir sem ekki sjást með beinum hætti í rekstrarreikningi félagsins. Þegar afslættir KEA kortsins og afkoma í rekstri eru lagðir saman má ætla að heildarábati félagsmanna KEA á síðasta hafi ekki verið undir 600 milljónum króna.

Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng eru nú orðnar að veruleika og vert að fagna því sérstaklega, en frá upphafi hefur KEA komið myndarlega að því verkefni. Fullyrða má að aðkoma KEA hafi skipt sköpum, sérstaklega á seinni stigum málsins, en mótbyr var mikill og vakti furðu hve óvæginn hann var á lokastigum þess.

Hafnarstræti 98 var fullklárað og afhent leigjanda á árinu. Vel tókst til með það verkefni, húsið er nú bæjarprýði og nýr rekstur með fjölda starfa er til staðar í húsinu. Fékk húsið nýlega viðurkenningu menningar- og húsverndunarsjóðs Akureyrarbæjar og er þetta annað húsið í eigu KEA sem hlýtur þau verðlaun. Fasteignafélög KEA eru nú í fyrsta skipti í samstæðuuppgjöri félagsins en KEA á allt hlutafé þeirra félaga.

Töluverð vinna hefur farið í umgjörð sparisjóðanna en KEA hefur um nokkurt skeið reynt að skapa svigrúm fyrir fjárfestingu í þessari starfsgrein. Félagið á nú tæpan helming stofnfjár í Sparisjóði Höfðhverfinga sem færði út starfsemi sína með opnun á Akureyri. Hefur það verkefni gengið vonum framar. Almenn hefur rekstur sparisjóðanna í landinu batnað mikið og er nú í flestum tilvikum hallalaus þrátt fyrir mjög íþyngjandi ytri skilyrði, s.s. opinbera skattlagningu. Það undirstrikar þá skoðun KEA að hægt sé að reka litlar fjármálastofnanir í samkeppni við þær stóru við núverandi aðstæður. Töluverð sóknarfæri eru fyrir sparisjóði á markaðnum og mikilvægt er að sparisjóðir sýni samstöðu í því að nýta þau tækifæri. KEA mun áfram vinna í því að efla starfsumhverfi sparisjóðanna.



ÁVARP FORMANNS OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Afkoma síðasta árs er viðunandi í ljósi aðstæðna og þeirrar stefnu sem fylgt er við fjárfestingar og ávöxtun lausafjár. Flestir eignaflokkar gáfu ásættanlega ávöxtun. Óskráðar eignir skiluðu jákvæðri gangvirðisbreytingu en þær matsaðferðir sem KEA beitir gagnvart gangvirðiseignum sýna jafnharðan breytingar á rekstri og afkomu undirliggjandi eigna. Um leið og afkoma þessara fyrirtækja versnar frá því sem nú er mun það birtast í rekstrarreikningi KEA sem neikvæð gangvirðisbreyting. Sé horft til heildarávinnings félagsmanna að teknu tilliti til afsláttarkjara KEA kortsins er niðurstaðan góð.

KEA kortið mun skipa veglegan sess í starfi félagsins en samkeppni á því sviði hefur aukist síðustu misseri. Markmiðið er að tryggja félagsmönnum KEA víðtæk og samkeppnishæf afsláttarkjör. Í krefjandi fjárfestingarumhverfi verður haldið áfram að efna stefnu félagsins en fleiri verkefni fara nú um hendur félagsins en áður. Með hækkandi verði eigna eykst áhætta við fjárfestingu og félagið er meðvitað um þá stöðu.

Ágætu félagsmenn, minnumst þess að við erum að fara með fjármuni félags sem á sér nærri 130 ára sögu sem er vörðuð góðum tímum og slæmum. Það er vandalaust að láta greipar sópa og ráðstafa eignum félagsins á örskammri stundu, en slíkt gæti orðið skammgóður vermir eins og við vitum öll. KEA er í 68. sæti yfir svokölluð framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi en sá listi er árlega tekinn saman af Creditinfo. Það staðfestir að staða félagsins er traust og það styrkir trúverðugleika félagsins gagnvart hagsmunaaðilum. Staða félagsins í dag er í alla staði jákvæð og kannanir sýna að mikil sátt er um KEA meðal félagsmanna. Við munum halda áfram að vanda okkur við að byggja upp fyrir langa framtíð félagsins, það er í samræmi við vilja félagsmanna KEA og þágu þeirra sem á eftir okkur munu koma um langan tíma.



Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri



Hannes Karlsson
stjórnarformaður

Ásprent - Stíll ehf.

Eignarhlutur KEA 59,1%

Félagið var stofnað árið 2003 með sameiningu prentsmiðjunnar Ásprents og auglýsingastofunnar Stíls. Í kjölfarið keypti félagið prentsmiðjuna Alprent og síðar Prenttorg, Límmiða Norðurlands og stafrænu prentstofuna Stell. Innan félagsins er því búið að sameina stóran hluta af prentþjónustu á Akureyri.

Félagið rekur þrjár starfsstöðvar; að Glerárgötu 28 er Ásprent sem sér um útgáfu Dagskrárinnar ásamt almennri prentþjónustu, að Óseyri 2 er Stíll auglýsingastofa og skiltagerð og í Kaupangi við Mýrarveg er Stell, stafræn prentstofa. Hjá félaginu starfa nú 36 starfsmenn.

Meginstarfsemi félagsins felst í almennri prentþjónustu fyrir viðskiptavinum um land allt; allt frá nafnspjöldum til stórra harðspjaldabóka og er veitt víðtæk þjónusta á þessu sviði. Útgáfa Dagskrárinnar er stór þáttur í starfsemi, auk þess er rekin auglýsingastofan og skiltagerðin Stíll sem veitir þjónustu í markaðs- og kynningarmálum og gerir félaginu kleift að annast verkefni fyrir viðskiptavinum allt frá grunnhönnun á útliti til lokafrágangs verka.

www.asprent.is www.still.is www.stell.is

Ferro Zink hf.

Eignarhlutur KEA 44,0%

Stofnár: 1960 undir heitinu Sandblástur og Málmhúðun sf. Hlaut nýtt nafn árið 2008.

Starfsstöðvar eru tvær; Árstígur 6 á Akureyri og Álfhella 12-14 í Hafnarfirði. Samtals er húsnæði félagsins 6.000 fermetrar á 30.000 fermetra lóðum. Starfsmannafjöldi: 50

Skipta má starfsemi í meginatriðum í þrennt. Efnissala á svörtu stáli og ryðfríu stáli og áli, ýmis sérsmiði og framleiðsla, s.s. á ljósastaurum og loks verslunarrekstur með verkfæri, vinnufatnað, vélar, festingavörur og fleira.

www.ferrozink.is

Kælismiðjan Frost ehf.

Eignarhlutur KEA 20,8%

Stofnár: 1993. Félagið er með höfuðstöðvar á Akureyri og útibú í Garðabæ og á jafnframt þriðjung í færeysku félagi á sama sviði sem nefnist p/f Frost. Starfsmannafjöldi: 38

Félagið annast hönnun, uppsetningu og þjónustu lítilla og stórra frysti- og kælikerfa. Þjónusta við sjávarútveg, hér á landi og erlendis, er undirstaðan í rekstri félagsins og stendur að jafnaði undir 75% af tekjum þess en verslun, iðnaður og önnur þjónusta nema um 25% af veltunni.

www.frost.is

Norlandair ehf.

Eignarhlutur KEA 10,2%

Félagið var stofnað árið 2008 á grunni Flugfélags Norðurlands sem stofnað var 1975.

Höfuðstöðvar eru á Akureyrarflugvelli.

Starfsmenn í heilsársstörfum eru 15 talsins en þeim fjölgar í 20 helming ársins eða frá mars til september.

Félagið stundar leiguflyg á Grænlandi og Íslandi, sem að stærstum hluta er þjónusta við rannsóknafyrirtæki og opinbera danska aðila á Grænlandi. Einnig er það með áætlunarflug til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopna-fjarðar. Frá mars 2013 hófst síðan millilandaflug til og frá Constable Point á Grænlandi.

www.norlandair.is



Slippurinn Akureyri ehf.

Eignarhlutur KEA 12,0%

Núverandi félag var stofnað árið 2005 en slipprekstur á sér langa sögu á Akureyri.

Félagið er með aðsetur á Naustatanga á Akureyri. Hjá félaginu starfa að jafnaði um 150 manns.

Félagið veitir alhliða þjónustu við sjávarútveg, iðnað og fleira. Þjónusta við landverkefni veiga um 25% af heildarveltu félagsins en um 75% við sjávarútveg sem skiptist nokkuð jafnt milli innlendra og erlendra aðila.

www.slipp.is

Pekking Tristan ehf.

Eignarhlutur KEA 50,0%

Stofnað árið 1999. Höfuðstöðvar félagsins eru á Akureyri en einnig er starfsstöð í Kópavogi.

Um 60 manns starfa hjá félaginu sem skiptist nokkurn veginn jafnt milli starfsstöðva.

Starfsemi félagsins lýtur að heildarlausnum á sviði upplýsingakerfa, þ.e. hýsingu og rekstri tölvukerfa fyrir stór og smá fyrirtæki. Félagið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og er með fjölmarga viðskiptavinum um allt land.

www.thekking.is

Tækifæri hf.

Eignarhlutur KEA 35,8%

Stofnað árið 1999.

Félagið er staðsett á Akureyri og er með samstarfssamning við Íslensk verðbréf um daglegan rekstur.

Félagið fjárfestir í nýsköpun eða nýmæli í atvinnulífi á Norðurlandi og er þátttaka í verkefnum einkum í formi fjárfestingar í hlutafé. Félaginu er þó heimilt að skoða hvaða fjárfestingartækifæri sem er, óháð eðli eða staðsetningu, teljist góðir kostir í boði. En almennt gildir að verkefni þurfa að hafa hagrænt gildi, vera atvinnuskapandi og leiða til sem mestra margfeldisáhrifa á atvinnulíf svæðisins.

www.taekifaeri.is

Hreinsitækni ehf.

Eignarhlutur KEA 22,9%

Félagið var stofnað árið 1976.

Félagið er með lögheimili að Stórhöfða 37 í Reykjavík og með útibú á Akureyri og Hafnarfirði.

Starfsmenn félagsins eru um 50 talsins.

Meginstarfssemi félagsins er þjónusta við bæjar- og sveitarfélög, fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga á fráveitukerfum, við gatnahreinsun og flutning á olíu- og spilliefnum, félagið er einnig fremst í flokki við tæmingar á rotþróum við lögbýli og sumarbústaði. Í heildarumsvifum vegur þjónusta við fráveitukerfi og gatnahreinsun nokkurn veginn jafnt hjá félaginu. Fyrirtækið hefur nýlega víkkað út starfsemi sína með því að bjóða upp á fódningu lagna, sem gerir gamlar lagnir að nýjum.

www.hrt.is



Útgáfufélagið ehf.

Eignarhlutur KEA 89,7%

Félagið var stofnað í árslok 2005. Félagið er með skrifstofu að Óseyri 2 á Akureyri.

Fastir starfsmenn eru 3 en auk þess er fjöldi blaðbera starfandi hjá félaginu.

Félagið gefur út vikublaðið Vikudag sem komið hefur út á Akureyri frá árinu 1997. Blaðið er norðlenskur fréttamiðill og leggur áherslu á fréttir og viðtöl í heimahéraði. Blaðið er selt í áskrift og skípar fastan sess í hugum fjölmargra Eyfirðinga og samkvæmt mælingum Capacent Gallup sjá rúmlega 40% íbúa á svæðinu blaðið í viku hverri.

www.vikudagur.is

Sparisjóður Höfðhverfinga

Eignarhlutur KEA 46,0%

Sparisjóður Höfðhverfinga var stofnaður þann 1. janúar 1897 og er talið næstelsta starfandi fyrirtæki landsins.

Sparisjóðurinn er með afgreiðslur að Ægissíðu 7 á Grenivík og Glerárgötu 36 á Akureyri. Hraðbanki sparisjóðsins er í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Hjá sparisjóðnum starfa 9 manns.

Sparisjóður Höfðhverfinga er þjónustufyrirtæki á fjármálsviði sem veitir alla almenna banka- og fjármálaþjónustu.

www.spar.is

Grófargil ehf.

Eignarhlutur KEA 30,0%

Félagið var stofnað árið 1998 upp úr bókhaldsdeild KEA.

Aðalskrifstofa félagsins er að Glerárgötu 36 á Akureyri en einnig er starfrækt skrifstofa að Skúlagötu 19 í Reykjavík. Hjá Grófargili starfa 18 manns.

Félagið annast reikningshald, bókhald, ráðgjöf og uppgjörsþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

www.grofargil.is

Fasteignafélög KEA eru Klappir ehf. og H98 ehf.

Eignarhlutur KEA er 100% í báðum félögum.

Klappir ehf. var stofnað árið 2005 en H98 ehf. var stofnað árið 2008.

Fasteignafélögin eru með aðsetur á skrifstofu KEA í Glerárgötu 36 á Akureyri.

Umsjón með rekstri fasteignanna er í höndum KEA.

Fasteignafélögin annast útleigu á fasteignum á Akureyri, rekstur, þjónustu og viðhald sem því fylgir. H98 ehf. leigir út friðaða fasteign við Hafnarstræti 98 og Klappir eignir við Glerárgötu 36, Kaupvangsstræti 6 og Óseyri 2. Heildarstærð fasteignanna er um 3.600 fermetrar.





ÚTHLUTUN ÚR MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐI KEA

Þann 28. nóvember 2012 afhenti framkvæmdastjóri KEA, Halldór Jóhannsson, styrki úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA.

Þetta var í 79. sinn sem KEA veitti styrki úr sjóðnum og fór úthlutunin fram í Ketilhúsinu. Auglýst var eftir umsóknum í september og barst 141 umsókn. Veittir voru 36 styrkir, samtals að fjárhæð 6 milljónir króna.

Úthlutað var úr fjórum styrkflokkum; almennum flokki, flokki ungra afreksmanna, til þátttökuverkefna og íþróttastyrkjum. Ellefu aðilar hlutu almennan styrk, hver að fjárhæð 150 þúsund krónur. Til ungra afreksmanna voru veittar fjórtán viðurkenningar og styrkir, rúmlega 1,7 milljón króna. Til þátttökuverkefna var úthlutað 1.250 þúsund krónum og hlutu fjórir styrk. Sjö íþróttastyrkir voru veittir, alls 1.400 þúsund krónur.

Almennir styrkir, styrkupphæð kr. 150.000,-

Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, til reksturs félagsins.

Samkór Svarfdæla, til að gera dagskrá í tali og tónum um ævi Jóhanns Svarfdælings á hundrað ára afmælisári hans 2013.

Leikfélag Húsavíkur, til að varðveita og skrásetja sögu leikfélagsins.

Gedlist, til að kaupa verkfæri til listsköpunar.

Útgerðarminjasafnið á Grenivík, til að ganga frá bílastæðum í kringum safnið.

Hörður Geirsson, til að taka myndir á gler- og álplötur og gefa út ljósmyndabók.

SÍMEY/Fjölmennt, til að halda hátíðina List án landamæra.

Leikfélag Hörgdæla, til að skrifa leikrit um Djáknann frá Myrká.

Slökkvilið Siglufjarðar F-314, til að gera upp fyrsta slökkvibíl Siglufjarðar í tilefni 100 ára afmælis slökkviliðsins 2015.

Listvinafélag Akureyrarkirkju, til að kaupa flygil fyrir kirkjuna.

Kór Glerárkirkju, til tónleikahalds í tilefni 20 ára vígsluafmælis kirkjunnar.

Ungir afreksmenn, styrkupphæð kr. 125.000,-

Brynjar Leó Kristinsson, skíðaganga.

Gunnar Björn Jónsson, söngur.

Ævar Ingi Jóhannesson, knattspyrna.

Arnar Geir Ísaksson, skíði.

Ævarr Freyr Birgisson, golf.

Sveinborg Katla Daníelsdóttir, taekwondo.

Gísli Björgvin Gíslason, leiklist.

Grétar Skúli Gunnarsson, kraftlyftingar.

Ómar Smári Skúlason, íshökkí.

Haukur Fannar Möller, taekwondo.

Sigurður Ingvi Rögnvaldsson, golf.

Agnes Eva Þórarinsdóttir, efnafræði.

Benedikt Rúnar Valtýsson, blak.

Sigrún Mary McCormick, fiðluleikur.



Íþróttastyrkir, styrkupp hæð kr. 200.000,-

Karatefélag Akureyrar, til að kaupa dýnur á keppnis- og æfingavöllum félagsins.

Íþróttafélagið Völsungur - Skíðagöngudeild, til að standa fyrir 60 km skíðagöngu fyrir almenning.

Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar, til að halda vetrarleika.

Hjólabrettafélag Akureyrar, til að opna innanhúss-hjólabrettaaðstöðu.

Ungmennafélagið Smárinn, til að kaupa hástökkdýnu, rár og tartar startblokkir.

Fimleikadeild UMFS, til áhaldakaupa fyrir félagið.

Golfklúbbur Akureyrar, til uppbyggingar á æfingasvæði klúbbsins.

Þátttökuverkefni:

Iðnaðarsafnið á Akureyri, kr. 250 þúsund, til að setja upp upplýsingaspjöld við safnmuni.

Síldarminjasafn Íslands, kr. 250 þúsund, til að endurgera verkstæðishús gamla Slippsins á Siglufirði.

Jakob Björnsson fh. óstofnaðs útgáfufélags, kr. 250 þúsund, til að rita og gefa út Sögu starfsmannafélags verksmiðja Sambandsins.

Gamli bærinn Öngulsstöðum, kr. 500 þúsund, til uppbyggingar á gamla bænum á Öngulsstöðum.



Háskólasjóður KEA

Hannes Karlsson, stjórnarformaður KEA og forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhentu þann 9. júní 2012 styrki úr Háskólasjóði KEA við athöfn sem fram fór á Sólborg, húsnæði Háskólans á Akureyri við Norðurslóð, á 25 ára afmæli skólans.

Veittir voru tíu rannsóknarstyrkir en nítján umsóknir bárust sjóðnum. Við úthlutun úr sjóðnum er horft til þess að verkefni tengist starfsemi skólans. Einnig hlutu þrír nemar viðurkenningu fyrir góðan námsrángur við brautskráningu fyrr um daginn. Þetta var í tíunda sinn sem úthlutað er úr Háskólasjóði KEA og var heildarupphæð styrkja 3,7 m.kr.

Eftirtalin rannsóknarverkefni fengu styrk úr Háskólasjóði KEA:

Háskóli unga fólksins

Skrifstofustjórar - Ása Guðmundsdóttir og Heiða Kristín Jónsdóttir

Kr. 150.000,-

Væntingar og upplifun kvenna af fæðingu með áherslu á sársauka og meðferð við sársauka

Heilbrigðisvísindasvið - Sigfríður Inga Karlsdóttir

Kr. 250.000,-

Könnun á starfsháttum, starfsumhverfi og viðhorfum blaðamanna á íslenskum fréttamiðlum í alþjóðlegu samhengi

Hug- og félagsvísindasvið - Birgir Guðmundsson

Kr. 300.000,-

Rannsókn á áhrifum æðavirkra efna á samdrátt slagæða í augnbotni með dual wire myograph tækni

Hug- og félagsvísindasvið - Ársæll Már Arnarsson

Kr. 400.000,-

Fjölskyldulestur vegna Barnabókaseturs

Hug- og félagsvísindasvið - Brynhildur Þórarinsdóttir

kr. 400.000,-

Tegundaerfðagreining blóðmáltíða mývargs

Viðskipta- og raunvísindasvið - Kristinn P. Magnússon

kr. 400.000,-

The knowledge of Icelandic by immigrants in Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið - Markus Meckl

kr. 400.000,-

Rannsókn á byrjendalæsi

Hug- og félagsvísindasvið - Rúnar Sigþórsson

kr. 400.000,-

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið - Þóroddur Bjarnason

kr. 400.000,-

Félagsgerð Akureyrar frá 1785-2000, upphaf og þróun þéttbýlis, stéttaskiptingar, stjórn mála og atvinnulífs

Heilbrigðisvísindasvið - Hermann Óskarsson

Kr. 450.000,-

Eftirtaldir hlutu viðurkenningar fyrir góðan námsárangur:

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Erla Rut Jónsdóttir

Kr. 50.000,-

Heilbrigðisvísindasvið:

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir

Kr. 50.000,-

Hug- og félagsvísindasvið:

Sólrun Dögg Baldursdóttir

Kr. 50.000,-



SKÝRSLA STJÓRNAR

KEA svf. er fjárfestingafélag sem vinnur í þágu félagsmanna sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á félagssvæði sínu.

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður KEA á árinu 2012 nam 278,9 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 4,9 milljörðum króna í árslok, bókfært eigið fé var 4,6 milljarðar króna og eiginfjárlutfall félagsins 94,1%.

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 18.427 talsins en voru 17.971 í upphafi árs.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn KEA svf og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með áritun sinni.

Akureyri, 11. apríl 2013

Í stjórn:

Hannes Karlsson
formaður

Björn Friðbjólfsson
varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson
ritari

Ólína Freysteinsdóttir
meðstjórnandi

Hallur Gunnarsson
meðstjórnandi

Guðlaug Kristinsdóttir
meðstjórnandi

Birgir Guðmundsson
meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Haldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 106. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 18. apríl 2013



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2012

Rekstrartekjur	Skýr.	2012	2011
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		147.791.883	106.794.468
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(3.213.656)	(4.359.326)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		117.970.175	137.222.063
Tekjur af fjárfestingareignum		180.788.495	39.956.099
		<u>443.336.897</u>	<u>279.613.304</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	57.217.678	62.069.363
Annar rekstrarkostnaður		43.131.219	38.885.499
		<u>100.348.897</u>	<u>100.954.862</u>
Hagnaður af fjármálastarfsemi		<u>342.988.000</u>	<u>178.658.442</u>
Veittir styrkir.....		(19.034.729)	(16.976.726)
Hagnaður fyrir skatta		<u>323.953.271</u>	<u>161.68.716</u>
Tekjuskattur.....	5,13	(45.093.753)	(1.499.231)
Hagnaður ársins		<u>278.859.518</u>	<u>160.182.485</u>

Eignir	Skýr.	31.12 2012	31.12 2011
Markaðsverðbréf	6	82.748.939	332.742.237
Fjárfestingaverðbréf	7	1.301.228.895	1.159.182.833
Skuldabréf og aðrar kröfur	8	617.635.535	466.008.968
Fjárfestingareignir	9	760.950.000	378.179.460
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	2.421.780	3.756.947
Tekjuskattsinneign	13	127.062.696	171.781.207
Aðrar eignir		75.577.186	89.435.116
Handbært fé		1.975.062.401	1.881.272.430
		<u>4.942.687.432</u>	<u>4.482.359.198</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Stofnsjóður félagsmanna		9.213.500	8.985.500
Lögbundinn varasjóður		2.303.375	2.246.375
Óráðstafað eigið fé		4.637.746.274	4.358.943.756
		<u>4.649.263.149</u>	<u>4.370.175.631</u>
Skuldir			
Lántaka	12	211.704.703	26.038.053
Ýmsar skammtímaskuldir		81.719.580	86.145.514
		<u>293.424.283</u>	<u>112.183.567</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.942.687.432</u>	<u>4.482.359.198</u>



SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		278.859.518	160.182.485
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gangvirðisbreytingar eigna og skulda		(117.307.278)	(70.885.469)
Matsbreyting fjárfestingareigna	9	(141.943.195)	0
Aðrir liðir		52.800.792	(15.705.588)
		72.409.837	73.591.428
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur og aðrar eignir		14.296.859	(8.249.196)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir og aðrar skuldir		(6.869.721)	(5.822.787)
		7.427.137	(14.071.983)
Handbært fé frá rekstri		79.836.975	59.519.445
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(50.510.110)	(476.212.496)
Söluverð markaðsverðbréfa		300.915.071	1.831.039.800
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(74.541.192)	(13.228.500)
Kaupverð skuldabréfa og krafna		(159.607.816)	0
Afborganir skuldabréfa og krafna		23.729.431	18.152.975
Kaupverð fjárfestingareigna	9	(7.341.989)	(1.049.430)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(300.000)	0
Fjárfesting í dótturfélögum		(17.299.402)	0
		15.043.993	1.358.702.349
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	11	228.000	308.000
Afborganir langtímaskulda		(1.318.997)	(1.252.159)
		(1.090.997)	(944.159)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		93.789.971	1.417.277.635
Handbært fé í byrjun ársins		1.881.272.430	463.994.795
Handbært fé í lok ársins		1.975.062.401	1.881.272.430
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		127.111.312	160.733.414
Greiddir vextir		(2.494.014)	(1.490.569)
Greiddir skattar		(20.179.524)	(31.988.553)

1. Almennar upplýsingar

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga dótturfélaganna KEA eign ehf, Fasteignafélagsins Klappa ehf og H98 ehf.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.



2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Tekjuskattur

Mismunur tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding eða inneign eftir því sem við á. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar eða yfirfærðs ónýttts skattalegs taps, er færð að því marki sem líklegt er talið að hún muni nýtast á móti framtíðarhagnaði. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign miðast við það tekjuskattshlutfall sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

Fjármálagerningar

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa félaginu til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörstegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Arður

Úthlutaður arður er færður í reikningsskilunum þegar aðalfundur hefur samþykkt arðgreiðsluna.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem var til þegar til skuldarinnar var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2012	2011
Laun starfsmanna	36.032.890	39.256.791
Stjórnarlaun og önnur laun	7.524.861	7.612.270
Launatengd gjöld	13.659.927	15.200.302
	57.217.678	62.069.363
Meðalfjöldi starfsmanna	4	4



SKÝRINGAR

4. Laun og launatengd gjöld (frh)

Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu 22,6 millj. króna á árinu og greinast þannig:

Haldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri	16.962.120
Hannes Karlsson, formaður stjórnar	1.296.000
Björn Friðbjólfsson, varaformaður stjórnar	972.000
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari	648.000
Hallur Gunnarsson, meðstjórnandi	648.000
Ólína Freysteinsdóttir, meðstjórnandi	648.000
Birgir Guðmundsson, meðstjórnandi	648.000
Guðlaug Kristinsdóttir, meðstjórnandi	648.000
Friðjón Guðmundur Jónsson, varamaður	54.000
Soffía Gísladóttir, varamaður	54.000
Snæbjörn Sigurðarson, varamaður	27.000
	22.605.120

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris-, eftirlaunagreiðslur eða kaupauka.

5. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2012	2011
Tekjuskattur til greiðslu	0	20.179.524
Tímabundnir mismunir til greiðslu eða frádráttar síðar	45.084.506	(18.680.293)
Aðrir liðir	9.247	0
	45.093.753	1.499.231

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður (tap) fyrir skatta	323.953.271	161.681.716
Reiknaður tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli (20%)	64.790.654	32.336.343
Skattfrjálsar tekjur	(23.393.039)	(34.062.522)
Ófrádráttarbær gjöld	3.686.892	3.236.319
Aðrir liðir	9.246	(10.909)
Virkur tekjuskattur	45.093.753	1.499.231
Virkur tekjuskattur í %	13,9%	0,9%

6. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:

	Nafnverð	Markaðsverð
Hagar hf	2.033.333	46.359.992
Eignarhaldsfélagið Fjarskipti hf.	1.117.940	36.388.947
Skráð hlutabréf samtals	3.151.273	82.748.939

SKÝRINGAR

7. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutir í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig:	Eignarhluti í %	Nafnverð
AEK hf	100,00%	4.000.000
Ásprent - Stíll ehf	59,06%	78.550.000
City Center Properties (NOK)	7,75%	8.525.000
Ferro Zink hf	44,00%	2.875.136
Fjárfestingafélagið Urðir ehf	100,00%	8.086.594
Grand hótél Mývatn ehf	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf	30,06%	52.730.962
Grófargil ehf	30,00%	150.000
Hraun í Öxnadal ehf	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf	22,91%	1.000.000
Kælismiðjan Frost ehf	20,75%	415.000
Norðurvegur ehf	27,00%	5.000.000
Norlandair ehf	10,20%	16.666.667
Slippurinn Akureyri ehf	12,00%	6.000.000
Sparisjóður Höfðhverfinga	45,66%	81.337.933
Sýni ehf	1,77%	545.455
Tækifæri hf	33,44%	255.606.225
Útgáfufélagið ehf	89,50%	13.000.000
Þekking - Tristan hf	50,00%	76.763.820

8. Skuldabréf og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfum og öðrum kröfum í árslok 2012 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2013	335.371.153
Árið 2014	36.888.967
Árið 2015	196.574.691
Árið 2016	36.888.967
Árið 2017	11.911.757
	<hr/>
	617.635.535

Skuldabréfaeign í erlendum gjaldmiðlum nam kr. 243,8 millj. í árslok 2012.

9. Fjárfestingareignir

Breytingar á fjárfestingareignum greinast þannig:

Bókfært verð í ársbyrjun	378.179.460
Viðbót ársins	7.341.989
Fjárfesting í dótturfélagi	233.485.356
Matsbreyting	141.943.195
Bókfært verð í árslok	<hr/>
	760.950.000



SKÝRINGAR

9. Fjárfestingareignir (frh)

Fjárfestingareignir í árslok 2012 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat
Glerárgata 36	218.960.000	19.490.000	585.200.000
Óseyri 2	21.090.000	4.580.000	57.000.000
Kaupvangsstræti	48.549.000	6.460.000	131.443.000
Hafnarstræti 98	84.400.000	8.720.000	231.800.000
	<u>372.999.000</u>	<u>39.250.000</u>	<u>1.005.443.000</u>

Vátryggingamat fasteigna félagsins nam í árslok 2012 kr. 1.010 millj.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar og húsgögn	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	2.470.000	1.286.947	3.756.947
Viðbót á árinu	0	300.000	300.000
Afskrifað á árinu	(1.560.000)	(75.167)	(1.635.167)
Bókfært verð í árslok	<u>910.000</u>	<u>1.511.780</u>	<u>2.421.780</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.

11. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnsjóður félagsmanna	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	8.985.500	2.246.375	4.358.943.756	4.370.175.631
Innborgað í stofnsjóð	228.000			228.000
Hagnaður ársins			278.859.518	278.859.518
Tillag í lögbundinn varasjóð		57.000	(57.000)	0
Staða í árslok	<u>9.213.500</u>	<u>2.303.375</u>	<u>4.637.746.274</u>	<u>4.649.263.149</u>

12. Lántaka

Lán samstæðunnar greinast þannig:

	31.12 2012	31.12 2011
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	185.582.174	0
Skuldir í ISK, verðtryggðar	26.122.529	26.038.053
	<u>211.704.703</u>	<u>26.038.053</u>

12. Lántaka (frh)

Afborganir af lántöku samstæðunnar í árslok 2012 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2013	191.728.651
Árið 2014	6.146.477
Árið 2015	6.146.477
Árið 2016	6.146.477
Árið 2017	1.536.619
	211.704.703

13. Tekjuskattsskuldbinding (inneign)

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu (inneign) greinist þannig:

	2012	2011
Tekjuskattsskuldbinding (inneign) í ársbyrjun	(171.781.207)	(153.100.914)
Reiknaður tekjuskattur ársins	45.093.753	1.499.231
Tekjuskattur til greiðslu	0	(20.179.524)
Fjárfesting í dótturfélagi	(365.994)	0
Aðrir liðir	(9.248)	0
	(127.062.696)	(171.781.207)

Tekjuskattsskuldbinding (inneign) greinist á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(301.136)	(124.681)
Fjárfestingareignir	52.795.636	18.486.715
Gengismunur	10.041.872	(6.388.467)
Skuldabréf og aðrar kröfur	(159.058.606)	(173.154.916)
Yfirfæranlegt tap	(30.540.462)	(10.599.858)
	(127.062.696)	(171.781.207)

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn, lykilstjórnendur félagsins og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra ásamt tengdum félögum.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

